

1911

Fimmtudaginn 20. júlí 1995.

Nr. 249/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Sigurði Þór Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1995 verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að gæsluvarðhaldstími verði ákveðinn til miðvikudagsins 16. ágúst nk. kl. 16.00.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1995 var varnaraðila dæmd 60 daga óskilorðsbundin fangelsisrefsing. Varnaraðili hefur ekki hafið afplánun þeirrar refsingar. Þegar af þeirri ástæðu verður gæsluvarðhaldsvist eigi reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um gæsluvarðhald varnaraðila á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1995.

Ár 1995, laugardaginn 15. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, að Sigurði Þór Sigurðssyni, kt. 191252-5439, Dvergabakka 14, Reykjavík, verði gert að sæta

gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. ágúst næstkomandi kl. 16.00, en hann er grunaður um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot gegn umferðarlögum nr. 50/1987.

Kærði var handtekinn síðastliðna nótt á bensínstöð Shell við Reykjanesbraut, en þá var kærði staddur utan við Toyota Corolla-bifreið, rauða að lit, og voru skráningarmerki bifreiðarinnar MS-432. Hann neitaði því að hafa ekið bifreiðinni, en samkvæmt rannsóknargögnum málsins, m. a. skýrslu rannsóknarlögreglumanns, er fyrir liggur í málinu, var fylgst með ferðum bifreiðarinnar, og bar rannsóknarlögreglumaðurinn kennsl á öku-mann hennar sem kærða. Rannsóknarlögreglumaðurinn missti aldrei sjónar á bifreiðinni, og sá hann, hvar kærði steig út úr bifreiðinni á bensínstöð Shell við Reykjanesbraut, en þar var hann handtekinn skömmu síðar. Skipt hafði verið um skráningarnúmer bifreiðarinnar, en skráningarnúmer hennar hafði áður verið NH-488. Bifreiðinni var stolið í innbroti í Bílamarkaðinn, Smiðjuvegi 46 E, Kópavogi, 29. júní sl. Fleiri munum var einnig stolið í því innbroti. Við húsleit hjá kærða í dag fundust munir, sem stolið var í innbroti í Linsuna, Grjótagötu 6, Reykjavík, í innbroti 13. júlí sl. Kærði gaf fyrir réttinum skýringar á því, hvernig munir þessir hefðu komist inn á heimili sitt. Einnig gaf hann skýringu á veru sinni á bensínstöð Shell við Reykjanesbraut síðastliðna nótt. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður þó að telja skýringar kærða ótrúverðugar.

Kærði á langan sakaferil að baki. Hann hlaut síðast dóm í Héraðsdómi Vesturlands 13. apríl 1994. Þá hafa rannsóknargögn máls, er varða ætlað þjófnaðarbrot kærða og fleiri aðila í Ólafsvík í apríl sl., verið send ríkissaksóknara til ákvörðunar, en í því máli fannst þýfi á heimili kærða.

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna málsins verður að fallast á, að hætta sé á, að kærði haldi áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið. Þá er einnig hætta á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, verði hann látinn laus, en rannsókn máls þessa er á frumstigi. Ber því með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða, þó þannig að kærði sæti eigi lengur gæsluvarðhaldi en til miðvikudagsins 2. ágúst nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Þór Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 2. ágúst næstkomandi kl. 16.00.